

Nd.

807. Frumvarp

til laga um heimild handa ríkisstjórninni til ýmissa ráðstafana vegna viðskipta-
sammings við brezku stjórnina.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til þess að ákveða með reglugerð, hversu
mikið af frystu og kældu kjöti megi flytja til Bretlands og ákveða, hvernig út-
flutningi skuli hagað.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til, ef þörf krefur, að ákveða hámarksútflutning af fiski til Bretlands og ákveða með reglugerð, hvernig útflutningi skuli hagað.

3. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að hafa eftirlit með innflutningi á kolum og, ef þörf krefur, að banna um stundarsakir innflutning á kolum frá öðrum löndum en Bretlandi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda meðan viðskiptasamningur við Breta frá 17. maí 1933 stendur.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun forsætisráðherra.

Samkvæmt nýgerðum samningi við brezku stjórnina getur ekki orðið um alfrjálsan útflutning á kældu og frystu kjöti að ræða, og líkur til, að um sama geti orðið að ræða um fisk.

Ennfremur er í samkomulagi við brezku stjórnina ákveðið, að viss hundr- aðshluti (77%) af kolum þeim, sem flutt eru til Íslands, skuli vera frá Bretlandi, og getur því komið til, að stjórnin þurfi að banna um stuttan tíma innflutning frá öðrum löndum, ef lítur út fyrir, að meira verði flutt inn af kolum þaðan en heppilegt er.